



Minnisblað

Varðandi: Útreikning afsláttar hjá elli- og örorkulífeyrisþegum árið 2018.

Málsnr.

Dags.: 10. janúar 2018

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr.4/1995, er í II. kafla 4.mgr. 5.gr. þar sem fjallað er um lækkanir og/eða niðurfellingar á fasteignaskatti segir:

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis, svo sem um tekjumörk, tekjuflokka og hvort lækkun er í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af fasteignaskatti.

Akraneskaupstaður hefur sett reglur um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega. Síðustu reglur eru staðfestar 24.01.2017.

Í 2.gr. reglna um lækkun og niðurfellingu er fjallað um tekjuviðmið sem þar segir:

Varðandi tekjuviðmiðanir gilda þær tekjur sem eru stofn til útreiknings tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts, eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarárinu. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðra sambýlisaðila.

Tillaga að viðmiðunarupphæðum fyrir árið 2018 gerir ráð fyrir 11,36% hækkun á tekjuviðmiði á árinu 2015. Það er hækkun launavísitölu milli árana 2015 og 2016:

Hjá einstaklingum:

Tekjur allt að	kr. 3.580.000	100% niðurfelling – mánaðartekjur kr. 298.333,-
Tekjur yfir	kr. 4.955.000	0% lækkun – mánaðartekjur kr. 412.917,-
Niðurfellingin/lækkunin	lækkar hlutfallslega með hækkandi tekjum.	
Mismunur	kr. 1.375.000	notað sem hlutfallsstuðull

Hjá hjónum:

Tekjur allt að	kr. 5.012.000	100% niðurfelling – mánaðartekjur kr. 417.667,-
Tekjur yfir	kr. 6.937.000	0% lækkun – mánaðartekjur kr. 578.083,-
Niðurfellingin/lækkunin	lækkar hlutfallslega með hækkandi tekjum.	
Mismunur	kr. 1.925.000	notað sem hlutfallsstuðull



Akraneskaupstaður

Dæmi: Einstaklingur er með árstekjur kr. 3.800.000.-

Útreikningur $3.800.000 - 3.580.000 = 220.000 / 1.375.000 = 16,00 - 100 = 84,00\%$ lækkun.

Dæmi: Einstaklingur er með árstekjur kr. 4.500.000,-

Útreikningur $4.500.000 - 3.580.000 = 920.000 / 1.375.000 = 66,91 - 100 = 33,09\%$ lækkun.

Dæmi: Hjón/samb.fólk eru með árstekjur kr. 5.800.000.-

Útreikningur $5.800.000 - 5.012.000 = 788.000 / 1.925.000 = 40,94 - 100 = 59,06\%$ lækkun.

Dæmi: Hjón/samb.fólk eru með árstekjur kr. 6.400.000,-

Útreikningur $6.400.000 - 5.012.000 = 1.388.000 / 1.925.000 = 72,10 - 100 = 27,90\%$ lækkun.

Til skoðunar: Miðað við þessa hækkun má gera ráð fyrir að hækka þurfi með viðauka upphæð til niðurgreiðslu fasteignagjalda aldraðra og öryrkja, en í áætlun var liðurinn hækkaður um rúm 5%.

Virðingarfyllst,

Andrés Ólafsson

verkefnastjóri